

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 11. nóvember 2021: Fyrirspurn
fulltrúa Flokks fólksins um verkefni kostuð af Bloomberg - R21110113***

Hinn 29. júní 2021 var það tilkynnt að stafræn vegferð Reykjavíkurborgar fengi alþjóðlega viðurkenningu og fjárhagsstuðning frá Bloomberg Philanthropies. Borgin mun fá fjárframlag upp á 2,2 milljónir bandaríkjadala til að styðja við og hraða stafrænni umbreytingu á þjónustu borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvaða verkefni eru fjármöggnuð með styrkveitingunni frá Bloomberg?